Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi í Eddu, Arngrímsgötu 5, þriðjudaginn 8. apríl 2025 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson og Guðrún C. Emilsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Ályktun ársins 2025

Jóhannes B. Sigtryggsson hefur tekið saman drög að ályktun ársins. Ályktunin sem fjallar um regluverk íslensku verður tekin aftur fyrir á stjórnarfundi málnefndar í september.

2) Málræktarþing 2025

Málræktarþing verður haldið í Eddu fimmtudaginn 25. september. Rætt var um undirbúning málræktarþingsins og um það hverjir skuli hljóta viðurkenningu Íslenskrar málnefndar árið 2025.

3) Önnur mál

a) Anna Sigríður Þráinsdóttir athygli á því að út er komin Handbók um auðlesið mál sem er að finna á vefnum audlesid.is á vegum Fjölmenntar. Í handbókinni eru leiðbeiningar um þýðingu og ritun texta á auðlesnu máli. Auðlesið mál Það tryggir að einstaklingar með lestrar- eða lesskilningsörðugleika hafi sama aðgang að upplýsingum og aðrir.

b) Guðrún C. Emilsdóttir kynnti yfirlýsingu frá Bandalagi þýðenda og túlka um gervigreind og þýðingar en bókmennta- og skjáþýðingar eiga undir högg að sækja vegna örrar þróunar í vélþýðingum sem byggja á gervigreind og ógna störfum þýðenda og gæðum þýðinga.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 17.00.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.